



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um beiðni um undanþágu frá ákvæði 27. gr. reglugerðar um hollustuhætti 903/2024 um daggæslu í heimahúsi, Daggæslu dagforeldra Borgartúni 21.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) hefur borist erindi Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytisins dags. 23. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar um beiðni Hildar Óskar Kolbeinsdóttur frá ákvæðum 27.gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 903/2024.

Hildur Ósk Kolbeinsdóttir hefur sótt um starfsleyfi fyrir daggæslu 6-10 barna að Borgartúni 21 með starfsleyfisumsókn dagsett 27. mars 2025.

Beiðnin nær til undanþágu frá 27 gr. fyrrnefndrar reglugerðar og 2. gr. reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum 907/2005 sem segir til um að daggæslan eigi að vera í heimahúsi.

Fulltrúar HER fóru í úttekt í rými daggæslunnar í Borgartúni 21 þann 31.mars 2025 og var aðstaðan skoðuð með tilliti til hollustuhátta, hreinlætis og öryggis.

Aðstaða daggæslunnar er í kjallara húsnæðisins sem er fyrrum skrifstofur og fundarherbergi Arion banka. Eftir breytingar skiptist rými daggæslunnar í stórt forstofuherbergi með fatahengi fyrir útiföt barna og pláss fyrir vagna. Þar er gengið inn í stórt rými þar sem er opið eldhús og leiksvæði barna auk tveggja salerna og skiptiaðstöðuherbergi með skolvaski og handlaug. Búnaður í eldhúsi eru kæli, uppþvottavél, hitaplatti og handlaug. Eldhúsið verður móttökueldhús og verður allur matur eldaður í eldhúsi Arion banka. Tvö bogadregin borð eru fyrir framan eldhús með barnastólum með öryggisbeislum. Við hliðina á eldhúsi er svefnherbergi/leikherbergi barna. Dýnur eru til staðar fyrir börnin og börnin munu sofa inni. Dagforeldrar munu útvega lök á dýnur og þrifa sængurfatnað, þvottastykki, tuskur og viskustykki í þvottaaðstöðu Arion banka. Leiksvæði barna eru rúm 3 fermetrar á hvert barn miðað við 10 börn. Loftræsing er vélræn og eitt opnanlegt fag er í aðalrými. Búið er að yfirfara loftræsikerfið að sögn dagforeldris. Sér ræstihherbergi er fyrir daggæsluna sem er staðsett á gangi í kjallara og verða sér tuskur og moppur fyrir daggæsluna. Ræstitæknir frá Arion banka mun sjá um dagleg þrif á daggæslunni. Byggingafulltrúinn í Reykjavík hefur gefið út vottorð um lokaúttekt á breytingum í kjallara dags. 27.03.2025.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gefur jákvæða umsögn við að undanþága verði veitt frá fyrrnefndum ákvæðum 27. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um að starfrækja daggæslu utan heimilis að Borgartúni 21.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Katrín Ólafsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi